

Fundargerð Skólanefnd 2.4.2019

Mætt: Sigurgeir, Birgitta, Helena Eydís, Valgerður, Halldór, Díana, Ingólfur, Páll Vilberg og Arnþór

Fjarverandi: Hjálmar Bogi og Kolbrún Ada

Efni fundar:

1. Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði skólans
2. Rekstrarstaða 1. mars 2019
3. Námsframboð fyrir haustönn 2019
4. Mætingareglur – endurskoðun
5. Samningur við Völsung
6. Kennararáðningar
7. Leiga á ræstingavél
8. Önnur mál.

Fundur settur af formanni

1. Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði skólans

Valgerður talar um að hún hefur verið að funda með Menntamálaráðuneytinu og Fasteignum ríkisins og það er meiningin að fara í breytingu í sumar þar sem skrifstofa skólameistara verður stækkuð um skrifstofu aðstoðarskólameistara.

Aðstoðarskólameistari fer í rýmið þar sem fundaherbergið er núna.

Síðan er meiningin að stækka rými skrifstofu- og fjármálastjóra fram á gang en taka bókasafnið niður og nota rýmið aftast á skrifstofu skrifstofu- og fjármálastjóra ásamt stofu 6. Verða veggir með miklum gluggum og bjart.

Starfsbrautin mun fara uppá aðra hæð meðal annars vegna nemenda sem mun koma í skólann næsta haust.

Einnig er stefnt að því að gera tengigang á milli þess staðar þar sem bókasafnið er í dag og koma fyrir framan stofu 1, til að auðvelda nemendum með einhverskonar hreyfihömlun að geta komist um allan skólann.

Valgerður ætlar að fá Guðrúnu húsvörð til að fara yfir stofur og finna hvar þyrfti að mála núna í páskafríinu.

Almenn ánægja með þetta, mjög jákvætt.

2. Rekstrarstaða 1.mars 2019

Arnþór talar um rekstraryfirlitið fyrir fyrstu tvo mánuði ársins.

Niðurstaðan er sú að skólinn er 3,2 milljónir undir áætlun eftir fyrstu tvo mánuði ársins.

3. Námsframboð fyrir haustönn 2019

Halldór talar um námsframboðið fyrir komandi önn, haustönn 2019.

Spurning með nokkra áfanga hvort þeir verði kenndir á haust- eða vorönn.

4. Mætingareglur – endurskoðun

Halldór talar um mætingarreglurnar sem voru teknar upp í fyrra og hefur komið í ljós að mæting nemenda hefur batnað.

Hins vegar er það ekki nógu gegnsætt þannig nemendur vita í rauninni ekki alveg hvernig staðan er hjá þeim í mætingu á hverju tímabili fyrir sig.

Þarf að laga það þannig að nemendur viti betur hvernig staðan er hjá þeim á hverju tímabili fyrir sig.

5. Samningur við Völsung

Valgerður talar um vinnu sem stjórnendur hafa verið í í samstarfi við Völsung.

Finnst skipta máli að setja pening í Völsung til að styrkja afreksíþróttastarfið sem er í gangi á milli FSH og Völsungs.

Samkvæmt drögum af samningnum væru 9 greiðslur uppá 50.000 kr. hver sem færi til Völsungs á skólaárinu 2019-2020.

Talað um smá viðbætur á samningnum sem allir voru ánægðir með að kæmu fram og halda smá athöfn þegar samningurinn verður undirritaður.

Allir ánægðir með þetta og finnst nauðsynlegt til að hjálpa til dæmis við að halda ungu íþróttafólki hér í bæ og skóla.

6. Kennararáðningar

Valgerður talar um að við erum að fara af stað með verklegt nám á heilsunuddbrautinni næsta haust.

Búið að tala við Helgu Björgu um að taka þetta að sér í verktakavinnu, tvo áfanga.

Helga Björg er svo gott sem búin að samþykkja þetta og það þarf að fá nemendur föstudag-sunnudags 6 sinnum yfir önnina, 2x í okt-nóv.

Það mun þurfa stuðningsfulltrúa fyrir væntanlegan nemenda á næsta ári, verður ekki auglýst fyrr en umsóknin mun koma frá nemendanum.

Smári er að fara í árs námsleyfi og því þarf að fá bæði ensku- og þýskukennara á næsta skólaári. Búið að auglýsa og komu þrjár umsóknir sem vantaði alla uppeldis- og kennslufræði.

Því var farið niður í Borgarhólsskóla og rætt við þrjá kennara til að taka að sér að sjá um þýsku og ensku á næsta ári og var tekið vel í það.

Almenn ánægja með þetta og talið vera besta lausnin ef þetta mun ganga eftir.

7. Leiga á ræstingarvél

Valgerður talar um að henni finnist það varla boðlegt að Guðrún húsvörður sé að skúra hér uppúr skúringarfötu endalaust hér og ákvað að heyra í Rekstrarvörum með að fá ræstingarvél fyrir hana til að gera starf Guðrúnar auðveldara.

Mun verða gerður fimm ára samningur uppá tæpar 24.000 kr. á mánuði.

8. Önnur mál

- Félagsstörf

Páll talar um félagsstarfið í skólanum, nýafstaðna Dillidaga og hvað var gert á þeim.

Einnig hvað var búið að gera og hvað er á döfinni, kaffihúsakvöld og jafnvel ferð í annað hvort Jarðböðin eða Sjóböðin.

Hann talar um ánægju með stuðning Selmdísar við nemendaráðið.

- Skóladagatal 2019-2020

Valgerður kynnir skóladagatal fyrir næsta skólaár sem var samþykkt á kennarafundi.

Haust- og vorfrí í samræmi við Borgarhólsskóla.

Bætt við námsmatsdögum í byrjun prófatíðar beggja anna.

Starfsdagur í lok vorannar vegna hugsanlegrar utanlandsferðar starfsmanna.

- Breytt útskriftarskírteini

Valgerður sýnir nýtt útlit á útskriftarskírteinum.
Allir ánægðir með það.

- Fáar umsóknir fyrir næsta skólaár

Valgerður segir að hún sé búin að tala við nokkra aðila um hvort þau geti skrifað grein um skólann í miðla á næstu vikum til að auka umfjöllun um skólann þannig vonandi komi fleiri nemendur í skólann.

- Hugsanleg ráðstefna skólameistara

Valgerður talar um að það stendur til að skólameistarar fari á IPC ráðstefnu til Sjanghæ í lok október, 26 af 32 skólameisturum á Íslandi búnir að setja sig á skrá. Hugsanlegur kostnaður fyrir skólann upphundir 300.000 kr. eins og staðan er í dag ef skólameistari hér fer á ráðstefnuna, gæti samt breyst vegna til dæmis hótalbreytingar.
Almennt hvatt skólameistara til að skrá sig og fara.

Fundi slitið klukkan 18:40